



SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2021-2022

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 3 |
| Um skólann..... | 4 |
| Gæðastefna skólans | 8 |
| Gæðamarkmið..... | 9 |
| Verk- og framkvæmdaáætlun 2022-2025 | 10 |
| Mat á skólastarfinu..... | 11 |
| Innra mat..... | 11 |
| Almennt um innra mat | 11 |
| Starf sjálfsmatsteymis | 12 |
| Tölulegar upplýsingar | 13 |
| Kennslumat í dagskóla..... | 18 |
| Kennslumat fjarnáms | 19 |
| Endurvottunarúttekt á gæðakerfi fjarnáms | 20 |
| Brotthvarf | 20 |
| Sálfræðipjónusta | 20 |
| Félagslíf nemenda | 21 |
| Umhverfismál | 21 |
| Heilsueflandi framhaldsskóli | 22 |
| Stefnur og áætlanir..... | 22 |
| Erlent samstarf | 24 |
| Ytra mat..... | 24 |
| Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis | 24 |
| Stofnun ársins..... | 24 |
| Eldri markmið og hvernig staðið var að úrbótum á skólaárinu | 25 |
| Ný markmið fyrir skólaárið 2022-2023..... | 29 |

Inngangur

Hér á eftir fer sjálfsmatsskýrsla Fjölbrautaskólans við Ármúla fyrir skólaárið 2021 - 2022. Þetta skólaár var skólastarf að mestu í eðlilegum skorðum þó að takmarkanir væru enn í samfélaginu vegna heimsfaraldursins; covid-19.

Þann 11. ágúst 2021 gaf mennta- og barnamálaráðuneytið út leiðbeiningar um skólastarf á haustönn. Þær leiðbeiningar byggðu á reglugerð nr. 878/2021, og þar var m.a. kveðið á um grímuskyldu ef fjarlægð milli manna væri minni en einn metri og sömuleiðis 200 manna hámarksfjölda í rými. Þetta voru nokkuð auðveld skilyrði að uppfylla varðandi kennslu og þessháttar en því miður voru félagslífinu enn settar skorður sem auðvitað olli vonbrigðum. Vorönnin var léttari og grímur nær alfarið úr sögunni. Enn voru þó kennarar og nemendur að veikjast og lenda í einangrun þó að ákvæði um sóttkví hafi verið rýmkuð. Skólastarfið litaðist því áfram af faraldrinum út skólaárið. En nú eru miklar vonir bundnar við næsta skólaár og vonandi að þá verði veirufaraldurinn úr sögunni og nemendur og kennarar komi tvíefldir til leiks.

Um skólann

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er hóf störf árið 1979 en útskrifaði sína fyrstu nemendur í eigin nafni í lok ársins 1981. Telst það ár því vera stofnár skólans. Hátíðahöld vegna 40 ára afmælis á liðnu ári voru þó í lágmarki vegna samkomutakmarkanna en vonir standa til að hægt verði að bæta úr því á yfirstandandi ári.

Nemendahópurinn hefur alltaf verið fjölbreyttur bæði ef litið er til aldurssamsetningar og uppruna. Á fyrstu árum skólans var stór hluti hópsins utan af landi en með fjölgun framhaldsskóla á landsbyggðinni hefur sá hópur minnkað hlutfallslega. Alla tíð hafa nemendur verið á breiðu aldursbili allt frá nýnemum upp í fullorðið fólk sem er ýmist að ljúka því sem eftir var frá fyrri tíð eða ná sér í nýja menntun. Nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur einnig fjölgað mjög hin síðari ár og er vaxandi viðfangsefni að sinna þeim hópi.

Frá upphafi hefur skólinn lagt áherslu á gagnkvæma virðingu og umhyggju starfsfólks og nemenda sem stuðlað hefur að heilbrigðu og góðu andrúmslofti innan skólans. Hann hefur líka verið framarlega í flokki varðandi nýjungar í kennsluaðferðum, námsefnisgerð, námsmati og fleiru ásamt því að leggja áherslu á heilsueflingu, umhverfismál og sjálfbærni til heilla fyrir einstaklinginn, skólann og samfélagið allt.

Í skólanum voru til skamms tíma fjórar hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdentsprófs en á þessu ári bættist við sú fimmta; opin stúdentsbraut og hafa allmargir nemendur flutt sig yfir á hana og nokkrir þegar útskrifast. Þar geta nemendur að hluta til sjálfir valið námsgreinar í samræmi við áhugasvið og framtíðaráform og haustið 2022 geta nýnemar í fyrsta skipti valið hana sem innritunarbraut. Auk alls þessa býður skólinn nám á íþrótt- og heilbrigðisbraut sem einnig lýkur með stúdentsprófi.

Við heilbrigðisskólann sem er sjálfstæð deild inna skólans eru fjölmargar mislangar starfsmenntabrautir á heilbrigðisviði og auk þess grunnám heilbrigðisgreina fyrir þá sem eru ekki vissir um hvert hugurinn stefnir í heilbrigðisgeiranum. Loks er við skólann starfsmenntabraut með áherslu á

nýsköpun og listir, viðbótarnám á starfsmenntabrautum til stúdentsprófs, sérnámsbraut og almenn námsbraut sem er undirbúningur fyrir þá sem uppfylla ekki skilyrði til að vera teknir inn á eiginlegar brautir.

Fjarnám skólans hófst árið 2001 og hefur lengi verið stór þáttur í starfsemi skólans. Þar stunda nám á hverri önn yfir þúsund nemendur og leitast er við að bjóða upp á í fjarnámi flesta þá áfanga sem kenndir eru í dagskóla. Nemendahópurinn er fjölbreyttur; framhaldsskólanemendur sem eru að flýta námi sínu, útskrifaðir nemendur sem vilja bæta við sig til að auka möguleika sína á framhaldsnámi og síðan fólk á öllum aldri víðsvegar að sem vill fríska upp á eða bæta við þekkingu sína.

Frá byrjun hefur Steinunn H. Hafstað gegnt hlutverki fjarnámstjóra og leitt samstilltan kennarahóp í krefjandi þróunarstarfi. Hún lætur nú af störfum og nýr fjarnámstjóri tekur við þegar á sumarönn.

Hér á landi er stór hópur ungmenna sem á sér annað móðurmál en íslensku og oft leita þeir í FÁ þegar að kemur að framhaldsskólanámi. Hlutfall þeirra fer vaxandi og eru þeir nú um 14% nemenda. Skólinn hefur á liðnum árum leitast við að koma til móts við þessa nemendur með því að bjóða upp á sérhæfða íslenskuáfanga þar sem íslenskan er kennd sem erlent tungumál en ekki móðurmál. Það hefur þó vantað kennara með slík réttindi nokkuð sem stendur vonandi til bóta þar sem Háskóli Íslands býður nú slíka áfanga sem val í kennaranámi. FÁ hefur líka þróað nokkra áfanga á fyrsta þrepi þar sem þessir nemendur fá fræðslu í t.d. sögu, félagsfræði og landafræði á einföldu og auðskiljanlegu máli. Þannig fá þeir grunn fyrir áframhaldandi nám á næsta þrepi. Þrátt fyrir góða viðleitni og mikinn áhuga starfsmanna er samt mikið verk óunnið í þessum málum og veruleg þörf á auknum fjárframlögum í þennan málaflokk.

Við skólann hefur lengi starfað fjögurra ára sérnámsbraut, ætluð nemendum með fötlunargreiningu. Þar eru á hverjum tíma við nám um 30 nemendur sem hljóta kennslu og þjálfun í takti við getustig og áhugasvið.

Stoðkerfi fyrir nemendur með námserfiðleika er ætlað að styðja við nemendur með lestrar- og skriftarörðuleika, stærðfræðiröskun eða skipulags-, áttunar- og tímaskynserfiðleika. Upplýsingar er að finna á [stoðsíðunni](#).

Í skólastarfinu hefur alla tíð verið lögð áhersla á þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum, flest á vegum Erasmus+, Nordplus og uppbyggingarsjóðs EFTA. Verkefnin hafa skilað nýjum áherslum inn í skólastarfið og sem dæmi má nefna sjálfbærnistefnu og stofnun sjálfbærninefndar sem starfaði af krafti fyrir nokkrum árum og hefur nú verið endurvakin. Nemendur jafnt sem starfsfólk eru þátttakendur í þessum verkefnum sem víkka sjóndeildarhring þeirra, bæði gagnvart erlendu skólastarfi og erlendum menningarheimum. Á tímum Covid19 voru slík samskipti lítil sem engin en á þessu skólaári hófust þau að nýju og verður vonandi haldið áfram af fullum krafti á næstu misserum.

Námskrá skólans er á rafrænu formi. Hún var endurskoðuðu og rituð upp á nýtt þegar ný námskrá fyrir framhaldsskóla frá 2011 tók endanlega gildi árið 2015. Kaflarnir í skólanámskránni eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmiðin með skólastarfinu. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, hlutamarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun og þróun. Allir áfangar sem kenndir eru í skólanum eru síðan vistaðir í sameiginlegum námskrárgrunni menntamálaráðuneytisins www.namskra.is og þar koma fram þau þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið sem krafist er í viðkomandi áfanga. Skólanámskrá er síðan tengd þessum grunni og á heimasíðunni er tenging í alla áfanga skólans sem vistaðir eru í grunninum. Með þessum tengslum er hægt að tryggja að skólanámskrá sé alltaf í takti við heildarmarkmið menntamálayfirvalda. Rafræn birting námskrárinnar tryggir auðvelt aðgengi að innihaldinu og hún verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Bókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í skólastarfinu og er vel búið bókum, tímaritum, myndefni og öðrum safnkosti sem tengist skólastarfi. Þar er gott næði til vinnu og náms fyrir um 50 manns. Við safnið starfar einn bókasafnsfræðingur í fullri stöðu. Nánari upplýsingar um bókasafnið er að finna í [ársskýrslu þess](#).

Mötuneyti skólans er sameiginlegt nemendum og starfsfólki og borða flestir í matsal skólans en starfsmenn geta líka tekið með sér matinn á kennarastofu og snætt þar. Á þessu skólaári var mötuneytið í umsjá Matfangs og verður svo áfram næsta skólaár. Á kennarastofunni er síðan einn starfsmaður, ráðinn af skóla sem sér um kaffi og brauð fyrir þá sem það kjósa.

Hlutverk Fjölbrautaskólans við Ármúla er að stuðla að menntun og alhliða þroska allra nemenda skólans. Skólinn vill leitast við að efla ábyrgð, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda sinna, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Þannig er tryggt að nemendur séu sem best búnir undir frekara nám eða störf úti í samfélaginu.

Gæðastefna skólans

Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er sem fyrr segir lögð áhersla á þekkingu, þroska og þróun í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi. Til að stuðla sem best að þessu er unnið að því að taka upp í áföngum vottað gæðastjórnunarkerfi. Það starf hófst skólaárið 2018-19 þegar rekstur og framkvæmd fjarnáms skólans var vottað samkvæmt ISO:9001 staðli. Endurúttekt fór síðan fram nú á vorönn 2022 og fékkst endurnýjuð vottun til næstu þriggja ára með fáum athugasemdum sem brugðist var snarlega við.

Skólaárið 2019-20 var einnig farið í gegnum vottunarferli en þá var tekin fyrir jafnlaunastefna skólans. Samkvæmt íslenskum lögum er fyrirtækjum og stofnunum skylt að framfylgja jafnlaunastefnu og fá hana vottaða af þar til bærum aðila. Sjá [lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá 2020](#). Vottunarferlinu lauk með úttekt á vordögum 2020 niðurstaðan var að jafnlaunavottun var í höfn; jafnlaunakerfi skólans stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85: 2012. Síðar á þessu ári verður viðhaldsúttekt sem veitir áframhaldandi vottun ef vel tekst til.



Áætlun í gæðamálum skólans fyrir komandi annir er þrjúþætt: Áætlun er uppi um að sækjast eftir gæðavottun á loftslagsstefnu skólans. Sú vinna er nátengd þátttöku í verkefninu [Græn skref](#) (sjá nánar síðar) en þar eru ríkisstofnanir hvattar til að haga rekstri sínum í sátt við umhverfið og að fara eftir þar til gerðum aðgerðalista í átt að því marki. Grænu skrefin krefjast þess að skólinn hafi skýra loftslagsstefnu og því kjörið að fá úttekt á henni um leið og hún er tilbúin. Umsjón með innleiðingu grænna skrefa er í höndum umhverfisnefndar skólans og gæðastjóra. Samhliða þessu er stefnt að því að fá ISO- vottun á dagskólastarfinu á sama hátt og fjarnáminu. Það er mikið starf og þarf að vinna í skilgreindum áföngum. Loks er stefnt að úttekt og umbótum á uppsetningu og innihaldi fjarnámsáfanga en gildandi vottun fjarnámsins snýr einungis að rekstri þess og framkvæmd.

Gæðastjóri skólans sinnir innra eftirliti og stöðugum umbótum og ber ásamt sjálfsmatsteymi skólans ábyrgð á þeim umbótaverkefnum sem í gangi eru hverju sinni.

Gæðamarkmið

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi markmið í gæðastarfi sínu. Markmiðin endurspeglast mörg einnig í [Verk- og framkvæmdaáætlun](#) þar sem þau eru tímasett.

1. Allir áfangar sem kenndir eru, jafnt í dagskóla og fjarnámi, skulu fara í kennslumat aðra hvora til þriðju hverja önn.
2. Meta skal alla þjónustu skólans reglulega s.s. ánægju nemenda með mötuneyti, bílastæði, bókasafn o.s.frv.
3. Leita skal allra leiða til að auka skuldbindingu nemenda og viðveru þeirra í kennslustundum.
4. Meta skal starfsemi fagdeilda með skýrslum og samtölum við deildir og deildastjóra. Áhersla lögð á að styðja við það sem vel er gert og bæta úr þar sem betur má fara.
5. Stefnt skal að því að auka prófþátttöku í fjarnámi þannig að hún verði að lágmarki 60% í öllum áföngum.
6. Huga skal vel að umsjón með nýnemum. Umsjónarkennarar þeirra skulu styrktir í starfi og samstarf við heimilin ræktað eins og hægt er.
7. Styðja skal við faglegt starf allra starfsmanna með því að halda árlegan skólaþróunardag; ýmist innanhúss eða með þátttöku fleiri framhaldsskóla.
8. Líðan nemenda skal könnuð reglulega. Mikilvægt er að fá upplýsingar um andlega líðan, vímuefnanotkun, einelti o.s.frv. og leita síðan leiða til úrbóta í samráði við námsráðgjafa og sálfræðing skólans.
9. Stefnt skal að því að rekstur skólans sé innan fjárheimilda.
10. Stefnt skal að framhaldi á gæðavottun skólastarfsins.

Verk- og framkvæmdaáætlun 2022-2025

| | |
|--|--|
| <p>Haustönn 2022</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Innri úttekt á fjarnámsáföngum • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Þjónustukönnun (umsjónarkerfi, stjórn skólans) • Stofnun ársins 2022 • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). | <p>Vorönn 2023</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Innri úttekt á fjarnámsáföngum • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Skólaþróunardagur með öðrum skóla • Viðhaldsvottun fjarnáms • Endurvottun jafnlaunastefnu • Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). • Sjálfsmatsskýrsla/ársskýrsla |
| <p>Haustönn 2023</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Þjónustukönnun (stoðþjónusta) • Stofnun ársins 2023 • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). | <p>Vorönn 2024</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Sameiginleg skólaráðstefna • Viðhaldsúttektir (jafnlaunastefna, fjarnám) • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). • Sjálfsmatsskýrsla/ársskýrsla |
| <p>Haustönn 2024</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Þjónustukönnun (húsnæði, mótuneyti) • Stofnun ársins 2024 • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira). | <p>Vorönn 2025</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra • Sameiginleg skólaráðstefna • Viðhaldsúttekt jafnlaunastefnu • Endurvottun á gæðakerfi fjarnáms • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira) • Sjálfsmatsskýrsla/ársskýrsla |

Mat á skólastarfinu

Í reglugerð menntamálaráðuneytis frá 24. ágúst 2010 segir að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skulu vera að

1. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
2. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
3. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
4. auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi.

Innra mati er þannig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs.

Innra mat

Almennt um innra mat

Nokkrir fastir punktar innra mats eru sjálfsmatsskýrsla sem er meðal annars byggð á vinnu sjálfsmatsnefndar, kennslumat dagskóla og fjarnáms (sem fram fer á hverri önn). Aðrir punktar eru þjónustukannanir til dæmis á þjónustu mötuneytis, þjónustu bókasafns, tækjakosti, aðgengismálum og svo framvegis. Síðast en ekki síst er samantekt gagna úr námsumsjónarkerfinu INNU og rýning þeirra, hluti af innra mati og getur gefið góðar upplýsingar um breytingar milli anna og ára.

Tilgangurinn með innra mati er alltaf að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstaðna þessara kannana verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta kynntar, sem og framkvæmd þeirra tillagna.

Í skólanámskrá er sjálfsmatsstefna skólans skilgreind ásamt krækju í sjálfsmatssíðu þar sem má m.a. finna skýrslur síðustu ára auk skýrslu um ytra mat (sjá síðar). Gæðastjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. nokkrar annir fram í tímann.

Starf sjálfsmatsteymis

Sjálfsmatsteymi skólans var endurvakið 2017 og hefur starfað reglulega síðan en þó með ákveðnum takmörkunum á tímum Covid. Það er sem fyrr skipað átta manns; tveimur nemendum, þremur kennurum, fulltrúa stoðdeilda, fulltrúa annarra starfsmanna auk gæðastjóra sem leiðir starfið og er um leið fulltrúi stjórnenda. Erfitt hefur reynt að fá fulltrúa foreldra til liðs við teymið og er það verðugt verkefni að leysa að á komandi skólaári.

Teymið fundaði að venju aðeins á vorönn en þá eru fundir haldnir að tveggja til þriggja vikna fresti. Á fundum þess er farið yfir gátlista frá MRN sem einkum ætlaður er til notkunar við ytra mat en nýtist einnig við sjálfsmatsvinnu. Gerðar hafa verið endurbætur á þessum lista og m.a. bætt við kafla sem fjallar um fjarnám skólans auk þess að birta þar skrá yfir gögn sem teymið getur kallað eftir og nýtt sér við matsvinnuna. Í útfylltum gátlista er hægt að sjá niðurstöðurnar (hakað við með rauðu) og þar sést einnig hvar niðurstöður yfirstandandi skólaárs víkja frá fyrri niðurstöðum (svört merking). Að þessu sinni kom sér vel að teymið var búið að fara yfir gátlistann því hann var meðal gagna sem úttektarteymi ytra mats kallaði eftir þegar þeir komu og tóku út skólastarfið nú á vorönn.

Auk þess að fara í gegnum gátlistann þá ræddi sjálfsmatsteymið á fundum sínum sérstaklega eftirfarandi mál og leggur til að lögð verði áhersla á þau á komandi skólaári

- stuðning við AM nemendur og að þess sé gætt að mismuna ekki AM nemendum með sérþarfir
- hvernig má bæta ímynd skólans meðal grunnskólanemenda
- hvernig hægt er að auka skuldbindingu nemenda og bæta viðveru

Tölulegar upplýsingar

(Tölur haustannar eru frá 9.9.2021 og vorannar frá 31.1.2022)

Skipting dagskólanemenda á námsbrautir greint eftir kyni.

| Braut | Heiti brautar | Haust 2021 | | Vor 2022 | | |
|-------|---------------------------------|------------|------------|------------|------------|----------|
| | | kk | kvk | kk | kvk | annað |
| AN | Almenn námsbraut | 71 | 48 | 55 | 39 | |
| FÉ15 | Félagsfræðabraut | 84 | 86 | 61 | 61 | |
| GH15 | Grunnnám heilbrigðisgreina | 1 | 13 | 2 | 18 | |
| HBR15 | Heilbrigðisritarabraut | 0 | 13 | 0 | 7 | |
| HV15 | Hugvísindabraut (málabraut) | 6 | 11 | 4 | 8 | |
| ÍHB17 | Íþrótt- og heilbrigðisbraut | 54 | 15 | 52 | 12 | |
| LT15 | Lyfjatæknabraut | 1 | 8 | 1 | 5 | |
| LÆ18 | Læknaritarabraut | 0 | 2 | 0 | 0 | |
| NÁ15 | Náttúrufræðibraut | 49 | 39 | 46 | 42 | |
| NL15 | Nýsköpunar- og listabraut | 17 | 19 | 12 | 16 | 1 |
| NN15 | Heilsunuddbraut | 22 | 64 | 15 | 49 | |
| OP21 | Opin stúdentsbraut | * | * | 21 | 21 | |
| SJ15 | Sjúkraliðabraut | 1 | 67 | 1 | 60 | |
| SJB | Sjúkraliðabrá | 0 | 42 | 0 | 31 | |
| SN | Sérnámsbraut | 27 | 7 | 27 | 7 | |
| TT15 | Tanntæknabraut | 0 | 26 | 0 | 30 | |
| VH15 | Viðskipta- og hagfræðibraut | 47 | 16 | 39 | 15 | |
| VSS15 | Viðbótarnám til stúdentsprófs** | 1 (15) | 1 (26) | 2 | 1 | |
| | | 381 | 478 | 338 | 422 | 1 |

* ekki í boði þessa önn **tölur í svigum eru nemendur sem ljúka samtímis námi af starfsnámsbraut

Skipting dagskólanemenda eftir tegund náms og kyni.

| Tegund námsbrautar | Haust 2021 | | Vor 2022 | | |
|--------------------------------------|------------|------------|------------|------------|----------|
| | kk | kvk | kk | kvk | annað |
| Bóknámsbrautir | 313 | 229 | 278 | 198 | |
| Starfsnám, heilbrigðisbrautir | 24 | 222 | 19 | 200 | |
| Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut | 17 | 19 | 12 | 16 | 1 |
| Sérnámsbrautir | 27 | 7 | 27 | 7 | |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs* | 1 | 1 | 2 | 1 | |
| | 382 | 478 | 338 | 422 | 1 |

*Hér eru bara taldir þeir sem eingöngu eru skráðir í viðbótarnámið og enga aðra braut.

Skipting dagskólanemenda eftir kyni.

| Kyn | Haust 2021 | % | Vor 2022 | % |
|-------|------------|---------------|------------|---------------|
| KK | 381 | 44,4% | 339 | 44,5% |
| KVK | 478 | 55,6% | 421 | 55,3% |
| Annað | | | 1 | 0,1% |
| | 859 | 100,0% | 761 | 100,0% |

Meðalaldur dagskólanemenda (ár).

| Meðalaldur bóknám/starfsnám | Haust 2021 | Vor 2022 |
|------------------------------|------------|----------|
| Bóknámsbrautir (og NL-braut) | 19,0 | 19,5 |
| Heilbrigðisbrautir | 32,1 | 31,8 |
| Skólinn sem heild | 22,7 | 23,0 |

Dagskólanemendur haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni

| Aldur | Haust 2021 | | | Vor 2022 | | | |
|--------------------|------------|------------|------------|------------|------------|----------|------------|
| | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Annað | Alls |
| 15 | 32 | 12 | 44 | 0 | 0 | | 0 |
| 16 | 84 | 55 | 139 | 72 | 41 | | 113 |
| 17 | 45 | 51 | 96 | 47 | 52 | | 99 |
| 18 | 47 | 42 | 89 | 52 | 42 | | 94 |
| 19 | 39 | 35 | 74 | 39 | 34 | 1 | 74 |
| 20 | 31 | 37 | 68 | 29 | 28 | | 57 |
| 21 | 24 | 24 | 48 | 23 | 34 | | 57 |
| 22 | 14 | 18 | 32 | 17 | 19 | | 36 |
| 23 | 11 | 15 | 26 | 11 | 11 | | 22 |
| 24 | 5 | 18 | 23 | 3 | 9 | | 12 |
| 25 | 12 | 6 | 18 | 9 | 8 | | 17 |
| 26 og eldri | 37 | 165 | 202 | 36 | 142 | | 178 |
| Alls: | 381 | 478 | 859 | 339 | 421 | 1 | 761 |

Fjöldi kenndra dagskólaáfanga á skólaárinu:*

| | Haut 2021 | Vor 2022 |
|-----------------|------------------|-----------------|
| Kenndir áfangar | 179 | 168 |

*Áfangar á sérnámsbraut eru ekki með í þessari tölu

Fjöldi AM nemenda (AM = annað móðurmál en íslenska)

| | Haut 2021 | Vor 2022 |
|---------------|------------------|-----------------|
| AM -nemendur | 113 | 104 |
| Nemendur alls | 859 | 761 |
| AM nemendur % | 9,3% | 13,7% |

Viðveruskráning nemenda sem hlutfall af heildartímafjölda

| | Haut 2021 | Vor 2022 |
|-------------------|------------------|-----------------|
| Mæting | 62% | 58% |
| Veikindi | 7% | 9% |
| Of seint | 2% | 2% |
| Leyfi | 3% | 1% |
| Óútskýrð fjarvera | 26% | 28% |

Skipting dagskóla- og fjarnemenda eftir búsetu (póstnúmeri).

| Póstnúmer | | Sumar 2021 | Haust 2021 | | Vor 2022 | |
|--------------|-----------------|------------|------------|-------------|------------|-------------|
| | | Fjarnám | Dagskóli | Fjarnám | Dagskóli | Fjarnám |
| 101 | Reykjavík | 39 | 62 | 46 | 51 | 55 |
| 102 | Reykjavík | 5 | 9 | 5 | 11 | 5 |
| 103 | Reykjavík | 8 | 6 | 6 | 6 | 5 |
| 104 | Reykjavík | 30 | 58 | 41 | 63 | 54 |
| 105 | Reykjavík | 57 | 98 | 64 | 81 | 78 |
| 107 | Reykjavík | 28 | 36 | 26 | 28 | 27 |
| 108 | Reykjavík | 55 | 99 | 41 | 87 | 48 |
| 109 | Reykjavík | 40 | 35 | 44 | 38 | 55 |
| 110 | Reykjavík | 32 | 38 | 80 | 42 | 94 |
| 111 | Reykjavík | 27 | 32 | 32 | 31 | 36 |
| 112 | Reykjavík | 56 | 45 | 64 | 35 | 66 |
| 113 | Reykjavík | 28 | 30 | 36 | 25 | 46 |
| 116 | Reykjavík | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 |
| 170 | Seltjarnarnes | 12 | 13 | 12 | 9 | 19 |
| 200-206 | Kópavogur | 93 | 71 | 151 | 59 | 178 |
| 220, 221 | Hafnarfjörður | 89 | 78 | 83 | 73 | 93 |
| 210, 225 | Garðabær | 59 | 63 | 53 | 52 | 57 |
| 191, 230-262 | Reykjanes | 65 | 14 | 68 | 10 | 80 |
| 270-276 | Mosfellsbær | 36 | 25 | 51 | 20 | 53 |
| 300-399 | Vesturland | 37 | 10 | 36 | 8 | 43 |
| 400-499 | Vestfirðir | 17 | 3 | 9 | 4 | 9 |
| 500-599 | Norðurl. vestra | 22 | 7 | 14 | 6 | 16 |
| 600-699 | Norðurl. eystra | 39 | 2 | 40 | 2 | 37 |
| 700-799 | Austurland | 26 | 0 | 20 | 4 | 25 |
| 800-902 | Suðurland | 71 | 21 | 60 | 13 | 94 |
| Annað | Erlendis/annað | 9 | 3 | 16 | 2 | 16 |
| | | 981 | 859 | 1099 | 761 | 1292 |

Fjarnemendur sumar- og haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir aldri og kyni

| Aldur | SUMAR 2021 | | | | HAUST 2021 | | | | VOR 2022 | | | |
|-------------|------------|------------|----------|------------|------------|------------|----------|-------------|------------|------------|-------------|-------------|
| | KK | KVK | Annað | Alls | KK | KVK | Annað | Alls | KK | KVK | Annað | Alls |
| 15 og yngri | 18 | 30 | | 48 | 66 | 122 | 1 | 189 | 65 | 160 | 1 | 226 |
| 16 | 32 | 66 | 1 | 99 | 8 | 11 | | 19 | 19 | 22 | | 41 |
| 17 | 39 | 83 | | 122 | 17 | 15 | 1 | 33 | 23 | 30 | | 53 |
| 18 | 55 | 57 | | 112 | 17 | 28 | | 45 | 33 | 49 | | 82 |
| 19 | 34 | 45 | | 79 | 27 | 25 | | 52 | 38 | 39 | | 77 |
| 20 | 28 | 36 | | 64 | 27 | 42 | | 69 | 48 | 45 | | 93 |
| 21 | 28 | 28 | | 56 | 32 | 30 | | 62 | 33 | 49 | | 82 |
| 22 | 18 | 23 | | 41 | 40 | 35 | | 75 | 35 | 25 | | 60 |
| 23 | 21 | 25 | | 46 | 26 | 28 | | 54 | 30 | 32 | | 62 |
| 24 | 13 | 15 | | 28 | 26 | 30 | | 56 | 18 | 27 | | 45 |
| 25 | 12 | 15 | | 27 | 16 | 17 | | 33 | 29 | 19 | | 48 |
| 26 | 11 | 12 | | 23 | 22 | 17 | | 39 | 8 | 16 | | 24 |
| 27 | 7 | 10 | | 17 | 7 | 14 | | 21 | 12 | 16 | | 28 |
| 28 | 10 | 10 | | 20 | 10 | 20 | | 30 | 11 | 21 | | 32 |
| 29 | 6 | 9 | | 15 | 13 | 16 | | 29 | 11 | 14 | | 25 |
| 30 og eldri | 55 | 134 | | 190 | 74 | 219 | 0 | 293 | 88 | 226 | | 314 |
| Alls | 387 | 598 | 1 | 987 | 428 | 669 | 2 | 1099 | 530 | 816 | 1346 | 1292 |

Fjöldi kenndra fjarnámsáfanga, fjöldi nemenda og eininga á skólaárinu

| | Sumar 2021 | Haust 2021 | Vor 2022 |
|---|------------|------------|----------|
| Fjöldi áfanga | 44 | 81 | 85 |
| Skráðir nemendur | 988 | 1099 | 1292 |
| Skráðar einingar alls | 8855 | 10643 | 12609 |
| Þreyttar einingar alls* | 5360 | 7121 | 7507 |
| Staðnar einingar alls** | 3835 | 5792 | 6004 |
| Þreyttar einingar sem hlutfall af skráðum | 60,5% | 66,9% | 59,5% |
| Staðnar einingar sem hlutfall af skráðum | 43,3% | 54,4% | 47,6% |
| Hlutfall: staðnar/þreyttar. | 71,5% | 81,3% | 80,0% |

*Sá fjöldi eininga sem nemendur luku með prófi (burtséð frá árangri)

**Sá fjöldi eininga sem nemendur stóðust á önninni

Kennslumat í dagskóla

Kennslumatið var að venju framkvæmt í INNU báðar annirnar. Á haustönn fór matið fram dagana 12. – 23. nóvember og á vorönn var kennslumatið framkvæmt dagana 25. apríl – 13. maí. Eins og fyrr var tekinn um það bil þriðjungur áfanga í hvort sinn og að þessu sinni voru á haustönn metnir áfangar í tungumálum (öðrum en ensku) og listgreinum. Á vorönn voru það svo raungreina- og stærðfræðiáfangar sem fóru í mat. Þátttaka var svipuð báðar annir (46,4% og 47,5%) en markið var sett á 60% svörun. Því er ljóst að áfram þarf að vinna að því að auka þátttökuna þannig að hún gefi sem gleggsta mynd af skoðunum nemenda. Niðurstöður kennslumats beggja anna eru á heimasíðu skólans og þar er hægt að skoða kennslumatið margar annir aftur í tímann.

Að loknu kennslumati hverju sinni eru niðurstöður birtar viðkomandi kennurum í INNU. Í hópum þar sem 5 eða færri nemendur svara eru niðurstöður þó ekki birtar. Deildastjórar og kennslustjórar fá einnig að sjá hvernig kennarar á þeirra brautum koma út úr matinu til að geta rætt við þá um hvaða lærdóma megi draga af niðurstöðum. Síðast en ekki síst er kennslumat hugsað sem innlegg í starfsmannasamtöl sem skólameistari og aðstoðarskólameistari eiga við starfsmenn með reglulegu millibili.

Spurningar kennslumats skiptast í meginatriðum í þrjá flokka; einn snýr að áfanganum, annar að kennslunni og kennaranum og í þeim þriðja leggur nemandinn mat á eigin frammistöðu í áfanganum. Í fylgjandi töflu má sjá meðaltöl í hverjum flokki síðustu fjórar annir:

| | Haust 2020 | Vor 2021 | Haust 2021 | Vor 2022 |
|---------------------------------|-------------------|-----------------|-------------------|-----------------|
| Leggðu mat á áfangann | 3,4 | 3,5 | 3,3 | 3,4 |
| Leggðu mat á kennsluna | 3,5 | 3,5 | 3,4 | 3,3 |
| Leggðu mat á eigið nám | 3,4 | 3,5 | 3,2 | 3,2 |
| Gefðu kennaranum einkunn | 8,42 | 8,81 | 8,45 | 8,14 |

Tölurnar eru fengnar þannig að fullyrðingum var gefið tölulegt vægi frá einum upp í fjóra. Hér vekur athygli að tölurnar í öllum flokkum fara lækkandi. Sérstaklega er það áberandi þar sem nemendur leggja mat á eigið nám og væri forvitnilegt að vita hvað veldur. Sömuleiðis lækkar sú einkunn sem nemendur gefa kennara sínum umtalsvert.

Til viðbótar við spurningalistana gafst nemendum tækifæri á að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við þeim spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Kennslumat fjarnáms

Í gæðamarkmiðum skólans segir að stefnt skuli að því að meta alla áfanga reglulega, jafnt í dagskóla og fjarnámi. Í framhaldi af gæðavottun fjarnáms var hafist handa við úrbætur sem felast í því að leggja það fyrir í fjarnámi á hverri önn og hefur það verið gert síðan.

Kennslumat fjarnáms var í byrjun framkvæmt í INNU eins og kennslumat dagskólans en svarhlutfall var alltaf mjög lágt eða um 15%. Hugsanlega skýring á fjarnemendum sem ekki eru í dagskóla samtímis eiga fá erindi inn í INNU og því hætt við að þeir missi af kennslumatinu eða gleymi því. Því keypti skólinn aðgang að hugbúnaði sem nefnist „SurveySparrow“ og heldur utan um slíkar netkannanir. Þegar búið er að útbúa spurningalistann er hægt að senda link á þátttakendur, eða setja hann á áberandi stað í Moodle áfangana og nemendur komast þá þaðan beint inn í könnunina.

Á þessu skólaári var kennslumat haustannar lagt fyrir alla nemendur í ensku og var svarhlutfall 56% ef miðað er við virka nemendur á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir. Á vorönn voru metin önnur tungumál en enska og þá var svörunin öllu lakari eða 28%. Ástæða gæti verið að þetta eru ólíkir hópar; í ensku eru á hverri önn stór hópur grunnskólanemenda sem tekur framhaldsskólaensku sem valgrein. Þetta eru yfirleitt góðir nemendur og vanir að fara eftir fyrirmælum. Þeir eru því líklegir til að svara kennslumati fljótt og vel og hækka þannig svarhlutfallið.

Niðurstöður beggja anna voru mjög ásættanlegar. Enskunemendur voru ánægðari en nemendur annarra tungumála en þar var dreifing meiri. Ýmsar gagnlegar ábendingar fengust báðar annir sem fjarnámstjóri hefur ýmist þegar brugðist við eða sett á dagskrá. Auk fjarnámstjóra og kennara fengu skólameistari og aðstoðarskólameistari aðgang að niðurstöðum og geta notað þær í starfsmannasamtölum og annarri þróunarvinnu.

Endurvottunarúttekt á gæðakerfi fjarnáms

Árið 2019 var ráðist í að framkvæma gæðavottun á fjarnámi skólans. Vottunarfyrirtækið iCert tók að sér verkefnið um leið og fyrirtækið sjálft varð sér um út um réttindi til að framkvæma mat af þessu tagi. Ferillinn var lærdómsríkur fyrir skólann og verkferlar sem skrifaðir voru í tengslum við matið hafa þegar sannað gildi sitt. Á þessu skólaári fór síðan fram endurvottunarúttekt sem gera skal á þriggja ára fresti. Sú vottun var aftur framkvæmd af iCert sem er nú er í eigu EY á Íslandi (Ernst & Young) og tókst með ágætum og fékkst fjarnámið vottað að nýju til næstu þriggja ára.

Brotthvarf

Menntamálaráðuneytið tekur saman árlega tölur yfir brottfall nýnema og sendir skólunum. Þann 1. október 2020 voru 10,3% þeirra sem hófu nám við skólann sem nýnemar haustið 2019 hættir námi við skólann og ekki skráðir í annað nám í INNU. Tölur fyrir nýnema árið 2020 hafa ekki borist þegar þetta er ritað en sennilega eru þær svipaðar ef marka má tilfinningu innanhússfólks.

MRN tók nýlega saman skýrslu: [Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum](#). Í þeirri skýrslu skoða skýrsluhöfundar bakgrunn og félagslega stöðu nemenda og vonandi er þetta upphafið að aðgerðum sem miða að því að finna öllum nemendum nám við hæfi og aðstoða þá sem veikastan bakgrunn hafa.

Hér innan skólans hefur verið lagður aukinn kraftur í að efla umsjón með nýnemum, auk þess sem sálfræðiþjónusta og stuðningur í námsveri eru meðal þátta sem skólinn hefur gripið til meðal annars í von um að minnka brottfall.

Sálfræðiþjónusta

Annað árið í röð var boðið upp á sálfræðiþjónustu innan skólans og eru allar líkur á að svo verði áfram þar sem aðsókn bendir til þess að full þörf sé á slíkri þjónustu. Ekki er þó hægt að bera saman aðsóknartölur milli ára að sinni, þar sem á meðan Covid lokaði skólum fór þjónustan fram á netinu, bæði í formi viðtala, myndbanda og annars efnis sem nemendur gátu sótt að vild.

Félagslíf nemenda

Skólinn hefur á liðnum önnum sett mikinn kraft í að auka félagslíf nemenda innan skólans. Starfsmaður í hlutastarfi vinnur með nemendum að skipulagningu viðburða og fundar með þeim reglulega. Á yfirstandandi skólaárið var loks hægt að efna til viðburða í raunheimum; árdagur var haldinn og vorgrill nemenda, söngkeppni og gettu betur eru enn fremur árvissir viðburðir sem voru endurvaktir öllum til ánægju. Loks tókst halda tvö böll á skólaárinu og bæði í samstarfi við aðra framhaldsskóla og voru vel sótt.

Nemendum sem velja að vinna að félagsstörfum gefst kostur á að fá það metið til eininga ef starfið nær ákveðnum tímafjölda. Það hefur virkað hvetjandi auk þess sem það auðveldar félagsmálalulltrúa að hafa yfirlit yfir starfið.

Umhverfismál

Skólinn fékk árið 2006 fyrstur framhaldsskóla á Íslandi [Grænfána Landverndar](#) sem viðurkenningu fyrir störf sín að umhverfismálum. Fáninn hefur síðan fengist endurnýjaður á tveggja ára fresti og ef fer sem horfir verður hann afhentur skólanum í tíunda sinn næsta haust.



Skólinn hefur líka unnið markvisst að innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri ([Græn skref](#)) og er komin með fjögur skref af fimm og kominn vel áleiðis með það fimmta. Um leið og skrefin eru í höfn er hægt að fara að huga að umhverfisvottun samkvæmt ISO-staðlinum 14001 sem er lokamarkmið skólans. Umhverfisráð skólans hefur unnið ötullega að þessum verkefnum í margar annir með góðri hjálp frá bókara skólans þegar kom að því að fara yfir bókhaldið með grænum gleraugum.

Í heimi þar sem umhverfismálin skipta alla máli er nauðsynlegt að menntakerfið taki þau mál föstum tókum. Því var nýjum áfanga sem fjallar um umhverfismál UMHV2SJ05 bætt inn í skylduáfanga allra bóknámsbrauta á þessu ári en fram að því hafði hann verið valáfangi.



Heilsueflandi framhaldsskóli

Skólinn hefur lengi tekið þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og sem er verkefni sem landlæknisembættið hefur haldið utan um. Forvarna- og félagsmálafulltrúinn hefur starfað sem tengiliður skólans og haldið utan um starfið. Undir merkjum heilsueflingar var haldin forvarnavika í október, heilsueflingavika í febrúar auk þess sem skólinn tók að venju þátt í lífshlaupinu sem haldið er árlega og felst í því að hvetja nemendur til að stunda holla hreyfingu.

Sem fyrr greiðir skólinn starfsmönnum íþróttastyrk að upphæð 15.000 kr. á hvern starfsmann gegn framvísun reikninga og á þessu skólaári voru það alls 65 sem nýttu sér þann kost.

Stefnur og áætlanir

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu stefnur og áætlanir sem eru í gildi í skólanum. Þessar stefnur/áætlanir eru í stöðugri endurskoðun og leitast er við að uppfæra þær á heimasíðu jafnóðum og breytingar eru gerðar.

Áætlun gegn einelti

Í stórum stofnunum geta af og til komið upp mál sem tengjast einelti. Skólinn hefur því tilbúna [áætlun](#) um það hvernig bregðast skuli við slíkum málum og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Hún var uppfærð árið 2020 og verður áfram í stöðugri endurskoðun. Sömuleiðis er á heimasíðunni tengill þar sem hver sem er getur tilkynnt einelti eða sent ábendingar um það með einföldum hætti: Tilkynna einelti. Á liðnu skólaári voru engin skráð eineltistilfelli og er það fjórða árið í röð.

Fjölmenningarstefna

Skólinn hefur sett sér fjölmenningarstefnu sem felst í því að móta jákvæð viðhorf til fjölmenningar, jafnt meðal nemenda og starfsmanna svo að sérhver einstaklingur fái notið sín á eigin forsendum.

Umhverfis- og samgöngustefna

Skólinn rekur metnaðarfulla umhverfis- og samgöngustefnu og er það starf leitt af umhverfisnefnd sem í starfa bæði nemendur og starfsfólk. Áður hefur verið

minnst á grænfánann og grænu skrefin og að auki hefur umhverfisnefnd notað janúar til að kynna veganfæði með hjálp mótuneytis. Þetta fór fram í janúar sem var endurnefndur veganúar af þessu tilefni.

Samgöngumálin eru alltaf á dagskrá og frá haustönn 2015 hefur starfsmönnum verið boðið að gera samgöngusamning við skólann og sækja um samgöngustyrk að upphæð 30.000 kr. Á yfirstandandi skólaári var hann veittur 25 starfsmönnum en í fyrra fengu hann 34 starfsmenn. Skólinn leitast einnig við að hvetja nemendur til að nota vistvæna samgönguhætti m.a. með því að veita þeim einingar fyrir að hjóla eða ganga í skólann, auk þess að selja aðgang að bílastæðum skólans. Á vorönn 2018 var komið fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla á bílastæðum skólans og nú geta fjórir bílar verið þar í hleðslu á hverjum tíma. Sú aðstaða er mikið notuð og næsta skólaár verður þessum stöðvum fjölgað þannig að hægt verði að hlaða átta bifreiðar í einu.

Jafnréttisstefna

Á síðustu önnum hefur farið fram viðamikil endurskoðun á jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun skólans í tengslum við vinnu við jafnlaunavottun sem fyrr hefur verið nefnd. Samkvæmt 18. grein jafnréttislaga skal áætlunin síðan endurskoðuð á þriggja ára fresti og skal jafnréttisfulltrúi ásamt jafnréttisnefnd hafa umsjón með endurskoðun og framkvæmd, meta stöðu aðgerða og kynna árlega á starfsmannafundi.

Lýðheilsustefna

Skólinn hefur sett sér lýðheilsustefnu og tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli eins og áður segir. Markmiðið er að hafa áhrif á viðhorf og tilfinningu nemenda fyrir heilbrigðu lífi.

Sjálfbærnistefna/loftslagsstefna

Skólinn hefur lengi haft sjálfbærnistefnu og innan hans starfar sjálfbærninefnd sem hefur það verkefni að fylgja þessum málum eftir í öllum þáttum skólastarfs. Ný nefnd sem valin var á þessum vetri sér metnaðarfull markmið, sem einkum snúa að loftslagsmálum og verður þeim haldið áfram á næstu önn.

Sjálfsmatsstefna

Sjálfsmatsstefna skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þar má finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

Erlent samstarf

Skólinn hefur á liðnum árum verið í viðamiklum samskiptum við skóla víða í Evrópu. Þar er veigamest starfsemi á vegum Erasmus+ sem skiptist í KA2 (Strategic Partnerships) og KA1 (Vocational Education and Training/Learning Mobility of Individuals) auk verkefna á vegum Nordplus. Á þessu skólaári hófst þetta starf að fullu á ný eftir Covidhlé og má lesa um það sem er á dagskrá á hverjum tím á heimasíðu skólans: <https://www.fa.is/skolinn/erlend-samskipti/>

Ytra mat

Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með því að framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir og aðalnámskrá framhaldsskóla kveða á um. Í því skyni eru send úttektarteymi í skólana og þeim fengið það hlutverk að fara í saumana á öllum þáttum skólastarfsins. Slík úttekt hefur verið gerð á skólanum í tvígang (árin 2011 og 2017) og var síðan framkvæmd í þriðja skipti nú á vordögum. Niðurstöður voru að þessu sinni mjög jákvæðar fyrir skólann og það starf sem hér fer fram. Skýrslu úttektaraðila má lesa á heimasíðu skólans: [Úttekt á starfi FÁ unnin á vorönn 2022](#)

Stofnun ársins

Stofnun ársins kallast starfsánægjukönnun sem gerð er árlega af Sameyki stéttarfélagi í almannatjónustu í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og sér Gallup um framkvæmd hennar. Að þessu sinni fór könnunin fram á haustdögum 2021 og voru niðurstöður kynntar í mars 2022. Að þessu sinni lenti FÁ í sjöunda sæti (af fimmtíu) í flokki stórra stofnana og má vel við una. Sem fyrr skorar skólinn lægst á liðum sem varða launakjör og sveigjanleika vinnu sem hvoru tveggja eru liðir sem erfitt er að breyta en að auki fengu stjórnendabættir lægri einkunn en áður og verður stefnt að úrbótum á því sviði á komandi ári.

Niðurstöður skólans 2021 er að finna á heimasíðu skólans undir [starfsánægjumat](#) og þar má einnig finna niðurstöður fyrri ára.

Eldri markmið og hvernig staðið var að úrbótum á skólaárinu

Hér á eftir fara markmið úr síðustu sjálfsmatsskýrslu 2020/2021 og tilgreint hvernig tekist hefur að ná þessum markmiðum.

Líðan nemenda og starfsmanna

1. Raddir allra þurfa að heyrast í skólastarfinu.
Þetta markmið fellur seint úr gildi og unnið er að því á mörgum vígstöðvum. Því miður féll niður, vegna samkomutakmarkana, skólafundur sem halda skal árlega en hann er mikilvægur liður í því að nemendur komi skoðunum sínum á framfæri. Stefnt er að því að halda slíkan fund í haust.
2. Góð heilsa er fyrir öllu og á skólaárinu skal stefnt að því að styðja við holla hreyfingu starfsmanna og nemenda.
Unnið var að þessu markmiði jafnt og þétt allt árið. Í október var forvarnavika nemenda og heilsuvika í febrúar. Janúar var mánuður hollrar fæðu í mötuneyti og alla mánuði var unnið forvörnum meðal nýnema. Starfsfólk var fékk samgöngustyrk sem í mörgum tilfellum leiðir til bættrar heilsu þar sem fólk gengur eða hjólar til vinnu. Líkamsræktarstyrkur var greiddur starfsmönnum eins og undanfarin ár.
3. Góð næring er grunnur að vellíðan og stefnt skal að því að bjóða nemendum og starfsmönnum upp á góðan mat á sanngjörnu verði á skólatíma.
Nýr aðli hóf rekstur mötuneytis í upphafi árs og lagði metnað í hollan og góðan mat, ekki síst fisk- og grænmetisrétti.

Þjónusta skólans

1. Áfram skal unnið að því að auka þjónustu við nemendur með annað tungumál en íslensku.
Í haust hófst vinna við að hanna sérstaka undirbúningsáfangu fyrir nemendur með litla íslenskukunnáttu, í þeim tilgangi að undirbúa þá undir

síðari áfanga. Byrjað var með áfanga í jarðfræði, upplýsingatækni, lífsleikni og umhverfisfræði og á vorönn bættust við saga og landafræði. Áfram var lögð áhersla á kennslu í ÍSAN og reynt að gæta þess að þeir áfangar yrðu ekki of fjölmennir.

2. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.

Ekki tókst að leggja fyrir þjónustukönnun á árinu þar sem vinna sjálfsmatsteymis fór í að undirbúa ytri úttekt sem framkvæmd var á vordögum. Bæta þarf um betur á komandi skólaári.

3. Stefnt skal að því að rita gæðahandbók fyrir allan skólann og í framhaldi af því sækja um gæðavottun.

Áfram var unnið að þessu markmiði í smáum skrefum. Farið var yfir ýmsa verkferla og þeir uppfærðir auk þess sem endurvottun á gæðakerfi fjarnáms hafði í för með sér umræður og undirbúning að næstu skrefum.

4. Allar upplýsingar um námsstöðu nemenda og viðveru þeirra skulu liggja fyrir í INNU á hverjum tíma.

Þessu markmiði var fylgt eftir, einkum með því að virkja deildastjóra í að hafa eftirlit með einkunafærslum hjá kennurum sinna deilda. Lögð var áhersla á að fjarvistaskráning væri uppfærð að lágmarki vikulega og hnippið var í þá kennara sem sofnuðu á verðinum.

5. Áfram skal setja kraft í umsjónarkerfi skólans, einkum þann hluta sem snýr að yngri nemendum.

Haustið 2019 hófst tilraunaverkefni sem fólst í því að ráða sérstaka umsjónarkennara til að halda utan um nýnema og hitta þá í föstum umsjónartímum. Þetta skipulag hefur unnið sér fastan sess í skólanum og næst liggur fyrir að fylgja því eftir með þjónustukönnun á komandi vetri.

6. Efla skal þjónustu „Setursins“.

Áfram var haldið með að fá eldri nemendur til að styðja við þá yngri í námsverinu; Setrinu. Nýting mætti þó vera betri og mikilvægt að setja aukin kraft í þetta starf á næstu önnum.

Kennsla og fagleg málefni

1. Unnið skal að því að bæta svörun í kennslumati.
Markmiðið var að svarhlutfall í kennslumati dagskóla næði 60% og að í kennslumati fjarnáms 40%. Þetta náðist ekki; svarhlutfall í dagskóla var um 47% báðar annir en í fjarnáminu voru sveiflur; 56% svörun á haustönn en ekki nema 28% á vorönn. Ljóst er að áfram þarf að vinna að þessu markmiði.
2. Skólinn vill leitast við að bjóða nemendum sínum fjölbreytt námsmat.
Miklar breytingar hafa orðið á námsmati og nú er hlutfall símatsáfanga án lokaprófs komið yfir 50%. Próftafla er ekki gerð lengur í annarlök en svigrúm gefið fyrir lokapróf í lokaviku fyrir þá sem það kjósa.
3. Leita skal leiða til að minnka fall í byrjunaráföngum í kjarnagreinum.
Markmiðið var að virkja eldri nemendur til að styðja þá yngri og leitast þannig við að auka vellíðan og skuldbindingu þeirra við skólann. Þetta markmið náðist ekki á þessu skólaári.

Mannauður

1. Efla skal faglegt starf kennara og annarra starfsmanna.
Á árinu fóru fram miklar faglegar umræður í skólanum. Til umræðu var að fjölga önnum á skólaárinu og voru skipaðir hópar sem ræddu kosti og galla þriggja og fjögurra anna kerfa og samanburð þeirra við núverandi kerfi. Niðurstöður urðu þær að ekki væri ástæða til breytinga að þessu sinni. Þess utan var haldin starfsþróunardagur í marsbyrjun.
2. Starfsmenn skulu hvattir til að leita sér endur- og viðbótarmenntunar.
Þetta markmið er alltaf á dagskrá og í ár fjölgaði tilboðum um endur- og viðbótarmenntun aftur eftir ládeyðu í Covid. Fjölmargir starfsmenn sóttu námskeið bæði innanlands og utan á skólaárinu.

Ímynd skólans

1. Átak skal gert í því að breyta ímynd skólans, ekki síst meðal

grunnskólanema og aðstandenda þeirra.

Á þessu skólaári var gert átak í því að kynna skólann nærliggjandi grunnskólum. Nemendum var boðið í morgunmat með tilheyrandi skólakynningu auk þess sem skólinn var kynntur á opnu húsi á vorönn. Samfélagsmiðlar voru notaðir í auknum mæli og hverfisfréttablöðin fengu sendar, og birtu, frásagnir og myndir af viðburðum í skólastarfinu.

2. Á næsta skólaári verður skólinn 40 ára. Stefnt skal að því að nota þann viðburð til að auglýsa skólann í samfélaginu.

Afmælið var haldið hátíðlegt innan skólans en ekki með utanaðkomandi gestum vegna samkomutakmarkana. Það verður vonand tækifæri til þess síðar.

3. Áfram skal leitast við að auka skuldbindingu allra nemenda við skólann og skólastarfið.

Þetta var gert með því að styðja við öflugt umsjónarstarf, foreldrasamstarf, fjölbreytt félagslíf, fallett umhverfi og annað sem eykur vellíðan nemenda í daglegu lífi. Á vorönn var síðan haldið teiti þar sem afmælisárgöngum útskriftarnema var boðið að skoða skólann og hitta núverandi og fyrrverandi starfsmenn. Þessi síður var endurvakinn núna eftir tveggja ára hlé og tókst mjög vel. Til gamans má geta þess að slíkt boð var áður kallað [hjúkólfur](#) hér innan skólans.

4. Skólinn stefnir að því að helstu upplýsingar á heimasíðunni verði á fleiri tungumálum en íslensku.

Þessi vinna er hafin því leiðbeiningar í kennslumati eru nú aðgengilegar á ensku en þó er langt í land að markmiðið sé í höfn.

Ný markmið fyrir skólaárið 2022-2023

Hér á eftir fara helstu markmið fyrir komandi skólaár og hugleiðingar um hvernig best sé að vinna að þeim.

Líðan nemenda og starfsmanna

1. Stefnt skal að því að öllum nemendum líði vel í skólanum.
Eftir heimsfaraldur með sóttkví og samkomubanni hefur nokkuð borið á vanlíðan og kvíða nemenda. Skólinn þarf að leita leiða til að styrkja þessa nemendur þannig að þeir finni sig heima í skólasamfélaginu.
2. Mikilvægt er að raddir hinsegin og kynsegin nemenda heyrast í skólanum.
Eins og fram kemur í tölulegum upplýsingum hér að framan þá eru nú í skólanum nemendur sem hvorki skilgreina sig sem karl- eða kvenkyn. Til að koma til móts við þessa nemendur þarf að hafa nokkur ókyngreind salerni í skólanum. Einnig er mikilvægt í framsetningu efnis að þess sé gætt að nota ókyngreind orð þar sem það er hægt. S.s: „Öll eiga að mæta í fyrsta tíma á mánudag“ í staðinn fyrir „Allir eiga að mæta.....“
3. Áfram skal stefnt að bættri heilsu nemenda ekki síst með áherslu á mataræði og hreyfingu.
Leitast skal við að hvetja alla nemendur til að stunda íþróttir á hverri önn og auka þátttöku í áföngum eins og fjallgöngum og hjólað í skólann. Í samráði við matráð skal grænkerafæði vera áfram á boðstólum daglega og hollur biti milli mála eftir því sem hægt er. Hafragrautur skal aftur í boði í upphafi dags, nemendum að kostnaðarlausu en slíkt tilboð féll niður í Covid.

Þjónusta skólans

1. Stefnt skal að því að auka notkun Seturs (námsvers) og að þar sé á hverjum tíma aðstoð að fá fyrir nemendur sem það kjósa.
Ljóst er að eldri nemendur geta takmarkað hjálpað þeim eru yngri eða skemmra komnir þannig að á komandi skólaári skal leitast við að fá kennara til starfa í Setrinu eftir því sem auðið er.

2. Auka skal þjónustu við þá sem nýta sér vistvænan ferðamáta.
Stefnt skal að því að koma upp yfirbyggðum (læstum) skýlum fyrir þá sem koma á hjóli eða rafskutlu. Sömuleiðis skal fjölga hleðslustæðum fyrir rafmagnsbíla og haga því þannig að sanngjarnt gjald komi fyrir afnot af þeim.
3. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.
Þjónustukannanir eru mikilvægar til að kanna hug nemenda og starfsmanna til þjónustu skólans. Á næsta ári er brýnt að kanna umsjónarkerfi nýnema og stjórnendateymi skólans.

Kennsla og fagleg málefni

1. Áfram skal unnið að því að bæta svörun í kennslumati.
Markmiðið fyrir komandi ár er að í dagskóla svari 60% nemenda kennslumati og að samsvarandi tala fyrir fjarnám sé 50%.
2. Viðhalda skal umræðu um fagleg málefni og starfspróun innan skólans.
Stefnt skal að því að fá erindi um fagleg málefni á að minnsta kosti einn starfsmannafund á hvorri önn. Stefnt skal að því að halda skólaráðstefnu á vorönn og þá í samvinnu við einn eða fleiri framhaldsskóla.
3. Leita skal leiða til að minnka fall í byrjunaráföngum í kjarnagreinum.
Stefnt skal að því að fá kennara til að taka að sér stuðning við nemendur inni í kennslustofu. Þeir eiga að sinna nemendum sem þurfa sérstaka hjálp meðan kennari áfangans ber ábyrgð á innlögn og yfirferð námsefnis.
4. Áfram skal haldið að þróa námsmat þannig að það gefi sem gleggsta mynd af námi og vinnuframlagi nemandans á önninni.
Stefnt skal að því að nemendum í símatsáföngum verði gerð grein fyrir því að til að standast áfangann þurfi þeir að skila verkefnum og halda skilafresti alla önnina.

Mannauður

1. Efla skal samvinnu kennara á faglegum og tæknilegum grunni.

Mannauður skólans er mikill og stefnt skal að því á hverjum tíma að nýta hann til að auka þekkingu og færni þeirra sem nýir eru eða óreyndir. Þetta á ekki síst við í fjarkennslunni þar sem nýjungar í kennslufræðum og/eða tækninýjungar geta skipt sköpum um gengi nemenda og vellíðan kennarans.

2. Starfsmenn skulu hvattir til að leita sér endur- og viðbótarmenntunar.

Í nýjum stofnanasamningi er ákvæði (7.6) um að starfsmenn geti sótt um aukagreiðslur vegna símenntunar sem leiðir til starfsþróunar. Kennarar eru hvattir til að nýta sér þetta ákvæði til að bæta menntun sína.

Ímynd skólans

1. Áfram skal leitað leiða til að bæta ímynd skólans ekki síst meðal grunnskólanemenda og aðstandenda þeirra.

Markmið fyrir næsta skólaár er að fara í alla grunnskóla í nágrenninu og kynna skólann. Efnt skal til samkeppni meðal sem vakið gætu áhuga þeirra á skólanum, s.s. stærðfræði, smásagnagerð, ljósmyndun og myndbandagerð svo fátt eitt sé nefnt. Sömuleiðis skal haldið áfram að bjóða grunnskólanemendum að skoða skólann, bæði á opnu húsi og einnig í smærri hópum.

2. Auglýsa skal skólann og árangur nemenda hans og starfsmanna hvar sem því verður við komið.

Leitast skal við að segja fréttir af nemendum sem skara fram úr í þróttum, listalífi eða tilsvarandi á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum. Halda skal upp á afmæli skólans á komandi ári og nýta það í auglýsingaskyni eins og hægt er.

Reykjavík í júní 2022

Jóna Guðmundsdóttir gæðastjóri